

# 1 Utanríkismál

2 Ísland á að vera virkt í alþjóðlegu samstarfi sem málsvari mannréttinda, jafnréttis og frjálsra og  
3 réttláttra viðskipta og standa þannig vörð um lýðræði og frið á heimsvísu. Með þeim hætti eflum  
4 við menningu og hag Íslands sem og þeirra þjóða er styðja hliðstætt gildismat. Ísland á heima í  
5 samfélagi Evrópuþjóða enda hagsmunum landsins best borgið í fjölþættu samstarfi evrópskra  
6 lýðræðisríkja.

- 7 • **Ljúkum aðildarviðræðum við Evrópusambandið**
- 8 • **Tökum virkari þátt í vestrænu samstarfi**
- 9 • **Sterk rödd í málefnum norðurslóða**
- 10 • **Innleiðum femíníska utanríkisstefnu**

11 *Landsþing 11. febrúar 2023*

## 12 **Ljúkum aðildarviðræðum við Evrópusambandið**

13 Evrópuhugsjónin um frið, hagsæld og samvinnu lýðræðisþjóða er kjarni í stefnu Viðreisnar.  
14 Ísland á að auka enn frekar þátttöku sína í Evrópusamstarfinu og gerast fullgildur aðili að  
15 Evrópusambandinu. Við eigum landfræðilega, menningarlega og efnahagslega samleið með  
16 þeim sjálfstæðu og fullvalda ríkjum sem þar hafa átt gott og farsælt samstarf frá  
17 upphafi. Núverandi þátttaka Íslands í Evrópusamstarfinu í gegnum samninginn um Evrópska  
18 Efnahagssvæðið hefur reynst mjög vel í tæp 30 ár og hefur verið undirstaða hagvaxtar og  
19 bættra lífskjara. EES samningurinn er jafnframt stærsta skrefið að aðild, sem reynst hefur vel.

20 Verkefni samtímans og áskoranir framtíðarinnar krefjast afgerandi aðgerða og virkrar samvinnu.  
21 Í því felst að Ísland stigi lokaskrefið í að auka samstarf við aðrar Evrópuþjóðir um  
22 mannréttindamál, efnahagsmál og umhverfis- og loftslagsmál, auk annarra veigamikilla mála.  
23 Þannig tryggjum við góð lífskjör til frambúðar. Ísland tekur þegar þátt í umfangsmiklu samstarfi  
24 við ESB með EES samningnum sem hefur veruleg áhrif á fjölmörg svið íslensks samfélags. Það  
25 er óviðunandi að Ísland taki ekki þátt í stefnumótun og ákvörðunum um eigin örlög, ákvörðunum  
26 sem við verðum að hlýta eigi að síður. Sjálfstæð og fullvalda þjóð á ekki að sætta sig við þessa  
27 stöðu heldur stíga skrefið til fulls.

28 Á þeim forsendum leggur Viðreisn höfuðáherslu á að ljúka aðildarviðræðum við  
29 Evrópusambandið að undangengnu samþykki þjóðarinnar í almennri atkvæðagreiðslu. Það  
30 þýðir að haldin verði fyrst þjóðaratkvæðagreiðsla um áframhald viðræðna og síðar um  
31 samningsdrög, þegar þau liggja fyrir.

## 32 **Tökum virkari þátt í vestrænu samstarfi**

33 Í samstarfi þjóða eiga Íslendingar að vera virkir og ábyrgir þátttakendur. Við stöndum frammi  
34 fyrir breyttri heimsmynd í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu, innrásar í sjálfstætt og fullvalda  
35 Evrópuríki sem Viðreisn fordæmir. Breyttar aðstæður kalla nú á nánari og virkari samvinnu við  
36 Evrópusambandið og önnur aðildarríki Atlantshafsbandalagsins í utanríkis-, öryggis- og  
37 varnarmálum. Aukinni hnattvæðingu fylgja áskoranir sem taka skal alvarlega. Samstarf ríkja er  
38 forsenda þess að koma í veg fyrir að einstaklingar og fyrirtæki fari á svig við lög og reglur í skjóli  
39 alþjóðlegrar starfsemi og stærðar. Ísland á að vera virkur þátttakandi í því starfi.

40 Viðreisn vill að unnin verði sérstök varnarstefna fyrir Ísland. Sú stefna verði hluti af  
41 þjóðaröryggisstefnu og uppfærð með reglubundnum hætti. Varnarstefnan leggi grunn að og  
42 skýri framkvæmd, ábyrgð, fyrirkomulag stjórnsýslu og fjármögnun varnarmála Íslands.  
43 Varnarstefnan verði á ábyrgð utanríkisráðuneytisins og unnin í samráði við Alþingi.

44 Viðreisn vill að Ísland nýti EES-samninginn til fulls. Schengen-samstarfið er órjúfanlegur þáttur í  
45 þeirri vinnu. Efla þarf stuðning og net viðskiptafulltrúa utanríkisþjónustunnar til að fylgja eftir  
46 vexti útflutnings. Viðreisn vill skoða hvort hægt sé að gera samninga um niðurfellingu tolla á  
47 fullunnum sjávarafurðum. Slíkur samningur myndi skapa aukinn grundvöll fyrir ný tækifæri og  
48 styðja við nýsköpun.

49 Öryggi Ísland er best tryggt innan vébanda Atlantshafsbandalagsins, með nánu samstarfi við  
50 öryggisstofnanir Evrópusambandsins sem annast innra öryggi, landamæra eftirlit og varnir gegn  
51 hryðjuverkum, ásamt varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna. Ísland á að standa vörð um  
52 sjálfsákvörðunarrétt þjóða, lýðræði og mannréttindi í heiminum, í samstarfi við samstarfsþjóðir  
53 okkar innan Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins. Við styðjum baráttu Úkraínu gegn  
54 innrásarher Rússlands og fordæmum harðlega mannréttindabrot og stríðsglæpi Rússlands sem  
55 framin eru í Úkraínu. Ísland á ekki að láta sitt eftir liggja og styðja Úkraínu í baráttu sinni, frekar  
56 en aðrar Norðurlandþjóðir og Evrópuþjóðir hafa gert.

57 Að því er varðar öryggi landsins þarf ekki síst að gæta að netöryggi enda hefur komið í ljós að  
58 flest ríki hafa staðið berskjölduð gagnvart netárásum. Mikilvægt er að taka þátt í samstarfi  
59 lýðræðisríkja í baráttunni gegn netárásum, fjölþáttaógnum og tilburðum til afskipta af  
60 innanríkismálum.

61 Ísland á að efla þátttöku sína í norrænu samstarfi og nýta samstöðu Norðurlandþjóða til að efla  
62 rödd okkar á alþjóðavettvangi, ekki síst með hliðsjón af markmiði Viðreisnar um að ganga í  
63 Evrópusambandið. Sameinuð rödd Norðurlanda á þeim vettvangi yrði öflugur málsvari  
64 samnorrænna gilda um lýðræði, velferð og mannréttindi. Sameinuð rödd Norðurlanda hefur  
65 einnig tækifæri til að styrkjast innan Atlantshafsbandalagsins með aðild Svíþjóðar og Finnlands,  
66 sem Viðreisn styður eindregið. Viðreisn vill skoða hvort vilji sé fyrir því að veita Skotlandi og  
67 Eyrstrasaltsríkjunum aðild að norrænu samstarfi í ljósi sameiginlegrar menningar, sögu og  
68 hagsmuna.

## 69 **Sterka rödd í málefnum norðurslóða**

70 Viðreisn leggur áherslu á að Ísland hafi sterka rödd í málefnum norðurslóða. Halda þarf áfram  
71 samtali og samstarfi um þær áskoranir sem áhrif loftslagsbreytinga munu hafa í för með sér.  
72 Standa þarf vörð um heilbrigði hafsins og beina sjónum að því hvernig nýta megí tækifæri með  
73 sjálfbærni að leiðarljósi. Efla þarf rannsóknir um norðurslóðamál á Íslandi og styðja betur við  
74 alþjóðlegt vísindasamstarf um málefni svæðisins. Með opnun siglingaleiða og auknum  
75 tækifærum til nýtingar náttúruauðlinda á norðurslóðum þarf einnig að gæta að öryggismálum  
76 landsins og fylgjast með auknum umsvifum annarra ríkja á svæðinu.

## 77 **Innleiðum femíníska utanríkisstefnu**

78 Viðreisn vill að Ísland innleiði femíníska utanríkisstefnu að fordæmi Frakklands, Þýskalands,  
79 Spánar, Kanada og annarra ríkja og að jafnrétti verði haft að leiðarljósi í öllum störfum  
80 utanríkisþjónustunnar. Þar sem alþjóðlegt bakslag hefur orðið í jafnréttismálum á síðustu árum  
81 er mikil þörf á að þeim sé haldið vel á lofti í alþjóðlegu samhengi. Ísland hefur hingað til verið  
82 öðrum ríkjum fyrirmynd þegar kemur að jafnréttismálum og öflugur málsvari mannréttinda og  
83 kynjajafnréttis á alþjóðavettvangi. Því er mikilvægt að Ísland sýni gott fordæmi og sé ávallt á  
84 varðbergi fyrir þeim nýju áskorunum sem upp koma. Innleiðing femínískrar utanríkisstefnu  
85 myndi styrkja stöðu Íslands sem leiðandi afís í alþjóðlegri jafnréttisbaráttu og hafa góð áhrif á  
86 störf utanríkisþjónustunnar á þann hátt að jafnrétti yrði haft að leiðarljósi í öllum ákvörðunum,

- 87 stórum jafnt sem smáum. Einnig verði áfram lögð sérstök áhersla á menntun og valdeflingu
- 88 stúlkna og kvenna í þróunarsamstarfi en það hefur sýnt sig að valdefling kvenna er ein
- 89 árangursríkasta aðferð þróunarsamvinnu.